

## AUGLÝSING

### um aðra bókun um breytingu á landbúnaðarsamningi milli Íslands og Mexíkó.

Önnur bókun, sem gerð var í Genf 17. júní 2014, um breytingu á landbúnaðarsamningi milli lýðveldisins Íslands og Mexíkóska ríkjasambandsins, sem gerður var í Mexíkóborg hinn 27. nóvember 2000, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/2001 þar sem samningurinn er birtur, öðlaðist gildi 1. september 2018.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**ÖNNUR BÓKUN**  
**um breytingu á landbúnaðarsamningnum milli Lýðveldisins Íslands og Mexíkóska**  
**ríkjasambandsins, sem var undirritaður í Mexíkóborg**  
**hinn 27. nóvember 2000.**

Lýðveldið Ísland (hér á eftir nefnt „Ísland“) og Mexíkóska ríkjasambandið (hér á eftir nefnt „Mexíkó“), hér á eftir nefnd sameiginlega „samningsaðilarnir“, sem vísa til landbúnaðarsamningsins milli Lýðveldisins Íslands og Mexíkóska ríkjasambandsins, hér á eftir nefndur „landbúnaðarsamningurinn“,

SEM VILJA þróa enn frekar verslun með landbúnaðarvörur sín á milli,  
hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Breyta skal I. viðauka við landbúnaðarsamninginn þannig að hann taki til þeirra vara sem eru taldar upp viðauka A við bókun þessa. Frá og með gildistökudegi bókunar þessarar skal Mexíkó afnema tolla á allan innflutning til Mexíkó á vörum sem eru upprunnar á Íslandi og taldar upp í viðauka A.
2. Breyta skal II. viðauka við landbúnaðarsamninginn þannig að hann taki til þeirra vara sem eru taldar upp í viðauka B við bókun þessa. Frá og með gildistökudegi bókunar þessarar skal Ísland afnema tolla á allan innflutning til Íslands á vörum sem eru upprunnar í Mexíkó og taldar upp í viðauka B.
3. Breyta skal viðbæti við III. viðauka við landbúnaðarsamninginn, þannig að hann taki til þeirrar upprunareglu sem kemur fram á lista í viðauka C við bókun þessa.

2. gr.

1. Viðaukar A, B og C eru óaðskiljanlegur hluti landbúnaðarsamningsins.
2. Þær breytingar sem eru gerðar með bókun þessari taka gildi fyrsta dag þriðja mánaðar eftir þann dag þegar síðari skriflega orðsendingin berst, eftir diplómatisikum leiðum, þar sem samningsaðilarnir hafa tilkynnt hvor öðrum að innlendum lagaskilyrðum hvors um sig vegna gildistöku fyrrnefndra breytinga hafi verið fullnægt.
3. Þær breytingar sem eru gerðar með bókun þessari skulu gilda eins lengi og aðilarnir að landbúnaðarsamningnum eru aðilar að fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna og Mexíkóska ríkjasambandsins.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Genf í Sviss 17. júní 2014 í tveimur frumritum á ensku og spænsku og eru báðir textarnir jafngildir. Komi upp ágreiningur skal enska útgáfan gilda.

Fyrir hönd  
Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd  
Mexíkóska ríkjasambandsins

Fastafulltrúi Íslands hjá  
alþjóðastofnunum í Genf,  
**Martín Eyjólfsson sendiherra**

Fastafulltrúi Mexíkó hjá  
Alþjóðaviðskiptastofnuninni í Genf í Sviss,  
**Fernando de Mateo y Venturini sendiherra**

## VIÐAUKI A

Fella skal eftirtaldar vörur inn í „I. VIÐAUKA - ÁÆTLUN MEXIKÓ UM AFNÁM TOLLA“ við landbúnaðarsamninginn:

Tollskrárnúmer	Lýsing	Grunntollur	Flokkur
1	2	3	4
<b>22.01</b>	<b>Vatn, þar með talið náttúrulegt eða gervioðkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt; ís og snjór.</b>		
2201.10	- Ölkelduvatn og loftblandað vatn.		
2201.10.01	Ölkelduvatn.	20	1
2201.10.99	Annað.	20	1
2201.90	- Annað		
2201.90.01	Drykkjarvatn	10	1
2201.90.02	Ís	10	1
2201.90.99	Annað	20	1

## VIÐAUKI B

Fella skal eftirtaldar vörur inn í „II. VIÐAUKA“ við landbúnaðarsamninginn:

Íslenskt ST-tollnúmer	Vörulýsing	Tollar gagnvart Mexikó
1	2	3
2402.10.01	Fluttar til landsins af ferðamönnum, áhafnarmedlimum og öðrum til eigin nota eða eru sendar til landsins án þess að vera innflutningur í atvinnuskyni	Tollfrjálst
2402.10.09	Annað	Tollfrjálst
2402.20.01	Fluttar til landsins af ferðamönnum, áhafnarmedlimum og öðrum til eigin nota eða eru sendar til landsins án þess að vera innflutningur í atvinnuskyni	Tollfrjálst
2402.20.09	Annað	Tollfrjálst

## VIÐAUKI C

Fella skal eftirfarandi upprunareglu inn í „VIÐBÆTINN VIÐ III. VIÐAUKA“ við landbúnaðarsamninginn:

ST-númer vöruliðs	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
2402	Vindlar, einnig endaskornir, smávindlar og vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki	Framleiðsla sem verður að vera upprunavara að minnsta kosti 50% miðað við þyngd óunnins tóbaks eða tóbaksúrgangs í vörulið 2401

**SECOND PROTOCOL  
AMENDING THE AGRICULTURAL AGREEMENT BETWEEN THE REPUBLIC OF  
ICELAND AND THE UNITED MEXICAN STATES, SIGNED IN MEXICO CITY  
ON 27 NOVEMBER, 2000**

The Republic of Iceland (hereinafter referred to as “Iceland”) and the United Mexican States (hereinafter referred to as “Mexico”), hereinafter collectively referred to as “the Parties”, referring to the Agricultural Agreement between the Republic of Iceland and the United Mexican States, hereinafter referred to as “the Agricultural Agreement”;

**DESIRING** to further develop trade in agricultural products between them;

Have agreed as follows:

Article 1

1. Annex I of the Agricultural Agreement shall be amended to include the products listed in Annex A to this Protocol. Mexico shall eliminate custom duties on all imports into Mexico of products originating in Iceland that are listed in Annex A on the date of entry into force of this Protocol.
2. Annex II of the Agricultural Agreement shall be amended to include the products listed in Annex B to this Protocol. Iceland shall eliminate customs duties on all imports into Iceland of products originating in Mexico that are listed in Annex B on the date of entry into force of this Protocol.
3. Appendix to Annex III of the Agricultural Agreement shall be amended to include the rule of origin listed in Annex C to this Protocol.

Article 2

1. Annexes A, B and C shall constitute an integral part of the Agricultural Agreement.
2. The amendments made through this Protocol shall enter into force on the first day of the third month after the date of the last written communication, through diplomatic channels, in which the Parties have notified each other that their respective internal legal requirements for the entry into force of these amendments have been fulfilled.
3. The amendments made through this Protocol shall remain in force as long as the Parties to the Agricultural Agreement remain Parties to the Free Trade Agreement between the EFTA States and the United Mexican States.

**IN WITNESS WHEREOF**, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

**DONE** at Geneva, Switzerland, this seventeenth day of June of two thousand and fourteen, in two original copies in the English and Spanish languages, both texts being equally authentic. In case of conflict, the English version shall prevail.

**FOR THE REPUBLIC OF ICELAND**

**Permanent Representative  
of Iceland to the International Organizations  
in Geneva  
Ambassador Martin Eyjólfsson**

**FOR THE UNITED MEXICAN STATES**

**Permanent Representative of Mexico to the  
World Trade Organization in Geneva,  
Switzerland  
Ambassador Fernando de Mateo y Venturini**

## ANNEX A

The following products shall be included in “ANNEX I - TARIFF ELIMINATION SCHEDULE OF MEXICO” of the Agricultural Agreement:

Fracción	Descripción	Tasa Base	Categoría
1	2	3	4
<b>22.01</b>	<b>Agua, incluidas el agua mineral natural o artificial y la gaseada, sin adición de azúcar u otro edulcorante ni aromatizada; hielo y nieve.</b>		
2201.10	- Agua mineral y agua gaseada.		
2201.10.01	Agua mineral.	20	1
2201.10.99	Las demás.	20	1
2201.90	- Los demás.		
2201.90.01	Agua potable.	10	1
2201.90.02	Hielo.	10	1
2201.90.99	Los demás.	20	1

## ANNEX B

The following products shall be included in “ANNEX II” of the Agricultural Agreement:

Icelandic HS Tariff Number	Description of products	Tariff for Mexico
1	2	3
2402.10.01	Brought to the country by travelers, crew members and others for personal use, or is sent to the country without being professional importation	Free
2402.10.09	Other	Free
2402.20.01	Brought to the country by travelers, crew members and others for personal use, or is sent to the country without being professional importation	Free
2402.20.09	Other	Free

## ANNEX C

The following rule of origin shall be included in “APPENDIX TO ANNEX III” of the Agricultural Agreement:

HS heading No.	Description of products	Working or processing carried out on non-originating materials that confers originating status
2402	Cigars, cheroots, cigarillos and cigarettes, of tobacco or of tobacco substitutes	Manufacture in which at least 50% by weight of the unmanufactured tobacco or tobacco refuse of heading 2401 used must already be originating